



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
-allsherjar- og menntamálanefnd-
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 21. janúar 2014
1401024 IE

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breyt. á lögreglulögum (fækkun umdæma o.fl.).

Með tölvubréfi dags. 17. janúar 2014 barst Jafnréttisstofu umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd, um frv. til laga um breyt. á lögreglulögum (fækkun lögregluumdæma, aðskilnaður embætta lögreglustjóra og sýslumanna o.fl.), 251. mál, þskj. 459, lþ. 143.


Í frumvarpinu er lagt til að landið skiptist í átta lögregluumdæmi. Samhliða er lagt fram frumvarp sem breytir skipulagi sýslumannsembætta, fækkar þeim úr 24 í níu.

Við þá endurskipulagningu sem lagt er til að ráðist verði í minnir Jafnréttisstofa á 1. mgr. 18. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008, um að atvinnurekendur skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Jafnframt er minnt á að atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan sinnar stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Ennfremur á að vinna að því að jafna stöðu kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum. Jafnréttisstofa minnir einnig á 1. mgr. 26. gr. jafnréttislaga, en þar segir að m.a. við stöðubreytingar, sé óheimilt að mismuna kynjum. Sama á við um vinnuaðstæður og vinnuskilyrði, sem og um uppsagnir og stöðuhækkunarir.

Jafnréttisstofa telur að brýnt sé að hafa ofangreind ákvæði jafnréttislaga í huga við skipulagsbreytingar og eins og þær sem lagðar eru til í þessu frumvarpi til þess að tryggt sé að það sé gert í samræmi við markmið jafnréttislaga, eins og þau koma fram í 1. mgr. 1. gr. laganna.

Jafnréttisstofa vill taka fram ánægju með að í frumvarpinu er hugað að því að nauðsynlegt er að undirbúningur breytinganna fari af stað sem allra fyrst og að skipa skuli sérstaka verkefnisstjórn til að sinna því starfi, sbr. ákvæði til bráðabirgða I.

Virðingarfyllst,


Ingibjörg Elfasdóttir
lögfræðingur